



Spurningalisti vegna áhættustýringar

1. Starfsmenn og starfshættir áhættustýringar

- 1.1. Hver er fjöldi starfsmanna er starfa beint og eingöngu við áhættustýringu?
 - 1.1.1. Hverjir eru lykilstarfsmenn innan áhættustýringar og hvert er ábyrgðarsvið þeirra?
 - 1.1.2. Hver er menntun og meðalstarfsaldur starfsmanna áhættustýringar?
- 1.2. Í stuttu máli hver er reynsla lykilstarfsmanna af áhættustýringu og tengdum verkefnum?
- 1.3 Hver er ábyrgðarmaður áhættustýringar og hvar er hann staðsettur í skipuriti?
- 1.2. Er áhættutaka skilgreind hjá félaginu? Ef svo er, við hvað er miðað?
- 1.3. Eru til staðar reglur sem áhættustýring vinnur eftir? Ef svo er, a) á hverju eru þær byggðar, b) eru þær samþykktar af stjórn og c) hvenær á að taka þær aftur til endurskoðunar?

2. Hlutverk stjórnar við áhættustýringu

- 2.1. Lýsið hlutverki og ábyrgð stjórnar varðandi áhættustýringu.
- 2.2. Hefur stjórn sett mörk um áhættutöku? Ef svo er, lýsið í stuttu máli með hvaða hætti hún gerir það. Ef svo er ekki, lýsið þá í stuttu máli hver skilgreinir mörk um áhættutöku.
- 2.3. Á hvaða hátt kemur stjórn að áhættumati?
- 2.4. Koma stjórnarmenn að áhættustýringu utan stjórnarfunda? Ef svo er, á hvaða hátt?

3. Samskipti og upplýsingakerfi/miðlun

- 3.1. Samskipti stjórnar og áhættustýringar.
 - 3.1.1. Lýsið samskiptaleiðum áhættustýringar til stjórnar og stjórnenda.
 - 3.1.2. Hvernig eru skýrslur til stjórnar frá áhættustýringu uppbyggðar? Hve tíðar eru slíkar skýrslugjafir og eru til staðar verklagsreglur um slíkt?
- 3.2. Samskipti áhættustýringar við önnur svið.
 - 3.2.1. Hvernig er samskiptum áhættustýringar og annarra sviða háttað?
 - 3.2.2. Hvernig eru skýrslur til annarra sviða frá áhættustýringu uppbyggðar? Hve tíðar eru slíkar skýrslugjafir og eru til staðar verklagsreglur um slíkt?
- 3.3. Hvernig er tryggt að upplýsingar varðandi t.d. áhættumörk eða breytingar á áhættumati nái til viðeigandi starfsmanna?
- 3.4. Eru upplýsingar á samræmdu formi í upplýsingakerfum áhættustýringar?

4. Áhættustýring

- 4.1. Fyrirkomulag áhættustýringar.
 - 4.1.1. Er starfandi sérstök áhættustýringardeild innan bankans?
 - 4.1.2. Er gerð aðgerðaráætlun fyrir áhættustýringu?
 - 4.1.3. Hver eru helstu markmið áhættustýringar?
 - 4.1.3.1 Hver eru viðbrögð áhættustýringar ef markmiðum er ekki náð?
 - 4.1.4. Starfa starfsmenn áhættustýringar í sérstökum hópum eftir áhættuþáttum?
 - 4.1.5. Telur áhættustýring að hún búi yfir nægilegum aðföngum? Hér er átt við t.d. fjölda starfsmanna, menntun og reynslu auk upplýsingakerfa.
 - 4.1.5.1 Ef svo er ekki, hvaða úrbætur eru æskilegastar



FJÁRMÁLAÆFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

- 4.1.6. Er til verklagsreglur hvernig eigi að fara yfir alla áhættuþætti fyrirtækisins innan áhættustýringar á reglubundinn hátt? Ef svo er, hversu oft?
- 4.1.7. Hverjar eru helstu aðferðirnar við stjórnun og mælingu áhættu?
- 4.1.8. Er aðgangsheimildir áhættustýringar innan fyrirtækisins takmarkaðar? Ef svo er, að hvaða leyti?
- 4.2. Ábyrgðarhlutverk
 - 4.2.1. Hver ber ábyrgð á að meta áhættu?
 - 4.2.2. Hver ber ábyrgð á að miðla upplýsingum um áhættu og áhættumörk?
 - 4.2.3. Hver ber ábyrgð á að stýra áhættu, þ.e.a.s. taka ákvarðanir sem hafa áhrif á áhættu?
- 4.3. Nýjar fjármálafurðir
 - 4.3.1. Hvaða aðkomu hefur ááhættustýring að innleiðingu nýrra fjármálaafurða?
 - 4.3.2. Hafa verið settar hömlur á viðskipti með nýjar fjármálaafurðir á upphafsstigum?
 - 4.3.3. Hafa verið skilgreindar reglur hvernig eigi að verðleggja fjármálaafurðir þegar markaðsverð er ekki til?
 - 4.3.4. Hver verður aðkoma áhættustýringar að slíkri verðlagningu?

5. Greining og mat

5.1. Tölfræðileg líkön

- 5.1.1. Hvaða tölfræðilegu líkön eru notuð við að meta áhættu? Lýsið þeim í stuttu máli og tilgreinið hvort líkönin eru notuð til að meta og stjórna áhættum deilda eða einstakra viðskiptaborða (e. trading desk).
- 5.1.2. Er tölfræðilíkönnum beitt við að mæla kerfisbundna áhættu? Ef svo er, lýsið þeim í stuttu máli.
- 5.1.3. Að mati fyrirtækisins, hverjar eru helstu takmarkanir á eigin tölfræðilíkönnum?
- 5.1.4. Er sérhæfing starfsmanna áhættugreiningar mikil?
- 5.1.5. Á hvaða hátt er tekist á við óstöðuga stika (e. parameters), t.d. breytilega fylgni, í líkönnum áhættustýringar?
- 5.1.6. Hverjar eru væntingar áhættustýringar til niðurstaðna úr tölfræðilíkönnum?
 - 5.1.6.1. Hvernig eru niðurstöðurnar teknar inn í ákvörðunartöku?
 - 5.1.6.2. Hvernig á að bregðast við ef niðurstöður eru óhagstæðar?
- 5.1.7. Er til reglur um hvernig skuli framkvæma reglulegar og sjálfstæðar prófanir á líkönnum?

5.2. Mat á láns hæfi viðskiptamanna

- 5.2.1. Er til verklagsreglur um mat á láns hæfi viðskiptamanna?
- 5.2.2. Lýsið aðferðum, einkunnagjöf og láns hæfismati sem notuð eru innanhús við mat á láns hæfi stórra viðskiptavina.
- 5.2.3. Hversu oft skal láns hæfi viðskiptavina endurskoðað?
- 5.2.4. Hve stórt vægi, ef eitthvað, hefur mat greiningaraðila eða yfirmanna hans við láns hæfismati?

5.3. Mat og greining á einstaka áhættum

- 5.3.1. Hvaða vísar (e. indicators) eru skoðaðir við greiningu og mat á lausu fé?
- 5.3.2. Á hvaða hátt er tekist á við innri áhættu á markaði (e. endogenous risk)?
- 5.3.3. Er til staðar aðvörunarkerfi sem á að bera kennsl á áhættu á byrjunarstigi?



FJÁRMÁLAÆFTIRLITID

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

6. Álagspróf

- 6.1. Hafa verið búin til álagspróf til að meta áhættur? Lýsið í stuttu máli hvaða þættir eru prófaðir og hvernig.
- 6.2. Lýsið að hvaða leyti álagsprófin byggja á sögulegum gögnum og að hvaða leyti á væntingum um framtíðina? Hversu oft eru forsendur álagsprófa endurskoðaðar?
- 6.3. Lýsið í stuttu máli, hvernig mat á einstökum áhættuþáttum samtíðast endurskoðun á forsendum álagsprófa?
- 6.4. Eru skuldbindingar utan efnahags álagsprófaðar?

7. Annað

- 7.1. Eru hugsanleg áhrif kaupauka til stjórnenda á áhættu metin?
- 7.2. Eru kaupaukar byggðir á langtíma eða skammtíma mælikvörðum?
- 7.3. Hvaða aðgerðir eru fyrirhugaðar til að bæta áhættustýringu innan bankans?
- 7.4. Annað sem áhættustýring vill að komi fram.